

Stjórn Foreldrafélags Naustaskóla

Fundur 7. febrúar 2013

Mætt, Þórhildur(Hilda) Sólveig, Ása, Höskuldur, Ásdís, Sigga og Vaka

Árshátíð: Samþykkt að færa skipulag yfir í að hvert heimili komi með köku. Sólveig ætlar að finna skipulagið sem Oddeyrarskóli hefur notað. Skipulagið verður svo frá og með næsta ári að 10.bekkur fær ágóðann af kökuhlaðborðinu.

Kiðagil: Taka þarf saman upplýsingar um Kiðagil og koma áfram á hvern árgang í byrjun hvers skólaárs. Núna þar enginn ábyrgð, hvorki skóli né foreldrar. (Ábyrgð Vaka)

Reykir: Taka þarf saman upplýsingar um Reyki og koma áfram á hvern árgang í byrjun hvers skólaárs. (Ábyrgð Vaka)

Fræðslufyrirlestur: Við höfum verið beðin að taka þátt í kostnaði með öðrum skólum á Akureyri varðandi fræðslufyrirlestur frá Siggu Dís kynfræðingi. Heildarkostnaður fyrir alla skólana er metinn á 400.000. Áshildur óskaði eftir sundurliðun á kostnaði varðandi þetta verkefni, okkar hlutur er 15.000. Samþykkt að greiða þá upphæð.

Hafragrautur: Ágúst skólastjóri er að skoða þau mál með starfsfólki eldhúss. Samþykkt var í stjórn foreldrafélags að taka þátt í kostnaði sé þess óskað.